



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
LAGASTOFNUN

## ÁRSSKÝRSLA LAGASTOFNUNAR 2015



# Ársskýrsla Lagastofnunar 2015

## EFNISYFIRLIT

Formáli.....	3
Almennt yfirlit og stjórn .....	4
Rannsóknastofur Lagastofnunar.....	4
Rannsóknastofa í Evrópurétti .....	4
Rannsóknastofa í refsirétti.....	5
Rannsóknastofa í umhverfis- og auðlindarétti .....	7
Útgáfa .....	7
Ritstörf fræðimanna 2015 .....	7
Hvatakerfi vegna rannsókna.....	9
Málþing og opnir fundir .....	10
Mannréttindastofnun Háskóla Íslands.....	11
Endurmenntunarnámskeið .....	11

## Formáli

Á árinu 2015 voru haldin ellefu endurmenntunarnámskeið Lagastofnunar sem er sami fjöldi og árið 2014. Hins vegar voru námskeiðin Vátryggingaréttur og Úrskurðir í stjórnslumálum bæði tveggja daga námskeið, þannig að í raun má segja að dagafjöldi námskeiða hafi verið meiri en árið á undan. Upp undir hundrað þátttakendur sóttu námskeiðið Lagaheimild reglugerða í maí og námskeið um vátryggingarétt í nóvember var svo vinsælt, að halda þurfti tvö sams konar námskeið eftir áramótin. Nettótekjur af námskeiðshaldinu voru nægilega miklar til að fjármagna rúmlega helming af rekstrarkostnaði stofnunarinnar, sem skiptir miklu máli. Skipulagning og utanumhald námskeiða tekur sífellt meiri tíma af starfi forstöðumanns, en það er óhjákvæmilegt til að fjármagna rekstur stofnunarinnar.

Aðeins sóttu tveir starfsmenn Lagadeildar um styrki hjá Rannsóknasjóði HÍ á árinu sem er mikil fækkun frá árinu 2014, þegar metfjöldi starfsmanna sótti um í sjóðinn. Einn starfsmaður var aðili að öndvegisumsókn til Rannís, en þar sem viðkomandi leiðir ekki verkefnið mun Lagadeild ekki fá mótframlag fáist styrkurinn. Það er því ljóst að áfram þarf að vinna að mótun rannsóknarverkefna og umsókna sem leidd eru af starfsmönnum Lagadeildar. Á árinu þurfti stofnunin auk þess að breyta reglum um hvatastyrki vegna umsókna í rannsóknasjóði að því leyti að úthlutun þeirra er ekki möguleg nema rekstrartekjur hvers árs standi undir greiðslu þeirra. Umsóknarstyrkir Félagsvísindasviðs, sem teknir voru upp á árinu, standa öllum kennurum opnir vegna umsókna í rannsóknasjóði, og koma þeir því að einhverju leyti í stað styrkja Lagastofnunar.

Eitt hefti í ritröð Lagastofnunar kom út á árinu. Er það ritið Nauðgun, eftir Ragnheiði Bragadóttur prófessor við Lagadeild HÍ. Unnið var að útgáfu annars heftis á árinu til útgáfu í ársbyrjun 2016.

Boðað var til þriggja opinna fræðafunda á árinu, þar af var einn haldinn í samvinnu við Advel lögmenn og annar í samvinnu við Heimspekistofnun Háskóla Íslands. Eru þetta nokkuð færri fræðafundir en haldnir hafa verið undanfarin ár. Hins vegar hefur það verið stefna stofnunarinnar að standa fremur að færri viðburðum en fleiri af þessu tagi og hafa gæðin í fyrirrúmi. Þær málstofur sem voru haldnar, voru vel sóttar. Rannsóknastofa í umhverfis- og auðlindarétti bauð auk þess rússneskum sérfræðingi í norðurskautamálum til fundar við stofnunina.

Reykjavík, 29. nóvember 2016

María Thejll  
forstöðumaður Lagastofnunar

Ragnheiður Bragadóttir  
stjórnarformaður Lagastofnunar

## Almennt yfirlit og stjórn

Lagastofnun Háskóla Íslands  
Lögbergi við Suðurgötu, 101 Reykjavík  
Sími 525 5203 / [lagastofnun@hi.is](mailto:lagastofnun@hi.is)  
[www.lagastofnun.hi.is](http://www.lagastofnun.hi.is)

Lagastofnun Háskóla Íslands er vísindaleg rannsóknastofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands. Stofnunin heyrir undir Lagadeild og er vettvangur rannsókn- og þróunarstarfs í lögfræði.

Hlutverk stofnunarinnar er fyrst og fremst að stuðla að og styðja við hvers konar rannsóknir og kennslu á sviði lögfræði. Einnig sinnir stofnunin lögfræðilegum þjónustuverkefnum á borð við álitserðir og skýrslur.

Stjórn Lagastofnunar var þannig skipuð árið 2015: Ragnheiður Bragadóttir prófessor formaður, María Elvira Mendez Pinedo prófessor, Hrefna Friðriksdóttir prófessor, Helgi Áss Grétarsson dósent og Dagbjartur Gunnar Lúðvíksson laganemi, meðstjórnendur.

Forstöðumaður í fullu starfi var María Thejll hdl.

Arnaldur Hjartarson lögfræðingur og LL.M. var í fullri stöðu sérfræðings í fjármálarétti við stofnunina til og með 1. september 2015 en í hálfu starfi frá þeim tíma.

## Rannsóknastofur Lagastofnunar

Stjórn Lagastofnunar getur ákveðið að setja á fót rannsóknastofur í einstökum greinum lögfræði. Fastir kennarar við Lagadeild (prófessor, dósent eða lektor), forstöðumaður og sérfræðingar Lagastofnunar geta óskað eftir því við stjórnina að stofnuð verði rannsóknastofa og skal skýra frá þeirri rannsóknastarfsemi sem þar er ætlað að fara fram og hvort stofunni er ætlað að starfa ótímabundið eða til ákveðins tíma.

Rannsóknastofa getur verið þverfræðileg, enda sé lögfræði ein af þeim greinum sem rannsóknir taka til. Rannsóknastofa er faglega sjálfstæð rannsóknastofnun í samræmi við 4. gr. reglna um Lagastofnun Háskóla Íslands.

Þrjár rannsóknastofur eru starfandi, í Evrópurétti, refsirétti og umhverfis- og auðlindarétti.

## Rannsóknastofa í Evrópurétti

### Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í Evrópurétti hefur starfað innan Lagastofnunar frá 2009.

Í stjórn stofunnar eru: M. Elvira Mendez Pinedo prófessor, Stefán Már Stefánsson prófessor og Dóra Guðmundsdóttir aðjúnt. Hlutverk stofunnar er m.a. að skipuleggja og framkvæma vísindalegar rannsóknir á öllum sviðum Evrópuréttar og EES-réttar.

## Rannsóknir

Á árinu lauk eftirgreindum rannsóknaverkefnum:

M. Elvira Mendez Pinedo:

- "Tras la crisis financiera y económica: la precariedad de deudores hipotecarios desde una perspectiva de Derecho europeo" in Álvarez-Blanco and Gómez L- Quiñones (eds), *Precariedad: La crisis del capitalismo neoliberal y la cultura española contemporánea*, Carleton and Dartmouth College publ, forthcoming 2015.
- With Irina Domurath (Ph. D. candidate HÍ/Univ. of Copenhagen). "Over-indebtedness of European consumers after the financial crisis. Case-study: Iceland". Chapter in the book by Micklitz, Domurath and Comparato (eds.) *Social inclusion of Over-Indebted Consumers in the Aftermath of the Economic Crisis in Europe*, Ashgate, forthcoming 2015.
- "Crisis, sobre-endeudamiento y exclusión social de deudores hipotecarios: luces y sombras del Derecho europeo", *Anales Derecho Universidad de La Laguna*, forthcoming 2015.

Stefán Már Stefánsson:

- Frjálsar fjármagnshreyfingar innan Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins. Tímarit lögfræðinga 2015, 1. tbl., bls. 65-98.

Irina Domurath, sem stundar sameiginlegt doktorsnám við lagadeildir Háskóla Íslands og Kaupmannahafnarháskóla lauk doktorsrannsókn sinni um Neytendavernd á fjármálamarkaði í Evrópurétti á árinu og er vörnin áætluð í byrjun næsta árs. Leiðbeinandi á Íslandi er M. Elvira Mendez Pinedo prófessor.

Sjá nánar á: [http://lagastofnun.hi.is/rannsoknastofa\\_i\\_evropuretti](http://lagastofnun.hi.is/rannsoknastofa_i_evropuretti)

## Rannsóknastofa í refsirétti

### Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í refsirétti var stofnuð á árinu 2014. Á vegum rannsóknastofunnar eru stundaðar fræðilegar rannsóknir í refsirétti, með tengslum við afbrotافرæði og refsipólítík.

Í stjórn stofunnar eru: Ragnheiður Bragadóttir prófessor, Jónatan Þórmundsson pófessor emeritus og Jón Þór Ólason hdl. og lektor.

## Rannsóknir

Á árinu lauk eftirgreindum rannsóknaverkefnum:

Jónatan Þórmundsson:

- Inngangur að alþjóðlegum refsirétti. Tímarit lögfræðinga 2015, 1. tbl., bls. 3-63.

Ragnheiður Bragadóttir:

- Nauðgun - Ritröð Lagastofnunar Háskóla Íslands nr. 14 (2015). Lagastofnun Háskóla Íslands. 204 bls.

- Nye lovændringer og strafudmåling for seksualforbrydelser mod børn. Kriminalistiske pejlinger – Festskrift til Flemming Balvig. Red.: Britta Kyvsgaard, Jørn Vestergaard, Lars Holmberg & Thomas Elholm. Jurist- og Økonomforbundets Forlag. København 2015. Bls. 27-42.

Verkefni sem unnið var að á árinu en er ólokið:

Jónatan Þórmundsson:

### **Alþjóðlegur refsiréttur**

Undirbúningur að riti á sviði alþjóðlegs refsiréttar sem fjallar um almenna hluta efnisréttarins. Heiti ritsins er: *Alþjóðaglæpir og refsirábyrgð – þættir úr alþjóðlegum refsirétti*, og er þetta fyrsta heildstæða ritið á íslensku á sviði alþjóðlegs refsiréttar (um 200 bls.).

Ragnheiður Bragadóttir:

### **Norræn refsilögsaga**

Samnorrænt rannsóknarverkefni sem fjallar um réttarreglur um refsilögsögu á Norðurlöndum. Reglurnar um refsilögsögu fjalla um mörkin gagnvart erlendum refsilögum og refsidómstólum og er litið svo á að þær tilheyri landsrétti hvers ríkis. Þessar reglur þurfa að vera í góðu samræmi við lögsögureglur annarra ríkja, svo að samskipti á þessu sviði við aðrar þjóðir gangi greiðlega.

### **Norrænn refsiréttur frá sjónarhóli kvenna**

Óformlegt rannsóknarsamstarf norrænna kvenna í refsirétti, stofnað 2011, að frumkvæði sænskra fræðikvenna.

### **Kynferðisbrot - Löggjöf og dómaframkvæmd**

Unnið að rannsókn á ákvæðum íslensks réttar um kynferðisbrot og refsingum fyrir brotin með samanburði við norrænan rétt. Tvær greinar birtust 2013 og 2014: *Hvordan straffes der for voldtægt?* Birtist í Nordisk Tidsskrift for Kriminalvidenskab, 2013, 100. årgang nr. 3 og *Voldtægt – eller ej?* Birtist í Motmæle – En antologi til Kjersti Ericsson, Cecilie Høigård og Guri Larsen. Red: Liv Finstad og Heidi Mørk Lomell. Novus Forlag. Oslo 2014. Þriðja greinin birtist í dönsku fræðiriti vorið 2015: *Nye lovændringer og strafudmåling for seksualforbrydelser mod børn*. Kriminalistiske pejlinger – Festskrift til Flemming Balvig. Red.: Britta Kyvsgaard, Jørn Vestergaard, Lars Holmberg & Thomas Elholm. Jurist- og Økonomforbundets Forlag. København 2015. Þá kom út ritið Nauðgun - Ritroð Lagastofnunar Háskóla Íslands nr. 14 (2015). Lagastofnun Háskóla Íslands.

### **Umhverfisrefsiréttur**

Unnið að rannsókn á réttarreglum sem veita umhverfinu refsivernd og viðurlögum fyrir brot á reglunum. Greinin: *Áfram veginn – Um akstur utan vega*, birtist í Afmælisriti Páls Sigurðssonar árið 2014.

### **Umræðufundir**

Í tengslum við rannsóknastofuna eru haldnir umræðufundir áhugafólks um refsirétt og afbrotafræði. Haldnir voru tveir fundir á árinu. Þann 18. febrúar var Helgi Gunnlaugsson, prófessor í afbrotafræði, málhefjandi um efnið: Gengur afstaða Íslendinga í berhögg við ríkjandi refsipólítík? Þann 18. nóvember var Jónatan Þórmundsson, prófessor emeritus, málhefjandi um efnið: Concursus necessarius – Tvíeðli tiltekinna brotategunda / tvíbent afstaða réttarkerfisins.

Sjá nánar á: [http://lagastofnun.hi.is/rannsoknastofa\\_i\\_refsiretti](http://lagastofnun.hi.is/rannsoknastofa_i_refsiretti)

## Rannsóknastofa í umhverfis- og auðlindarétti

### Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í umhverfis- og auðlindarétti hóf starfsemi vorið 2010. Hlutverk stofunnar er m.a. að stunda fræðilegar rannsóknir á sviði innlends og alþjóðlegs umhverfis- og auðlindaréttar, þ.m.t. á rétti Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins.

Í stjórn stofunnar eru: Helgi Áss Grétarsson dósent, Aðalheiður Jóhannsdóttir prófessor og Harpa Þórunn Pétursdóttir lögfræðingur hjá Orkustofnun.

### Rannsóknir

Sjá nánar á: [http://lagastofnun.hi.is/rannsoknastofa\\_i\\_umhverfis\\_og\\_audlindaretti](http://lagastofnun.hi.is/rannsoknastofa_i_umhverfis_og_audlindaretti)

## Útgáfa

Í árslok 2015 kom út 14. hefti ritraðar Lagastofnunar. Um er að ræða ritið *Nauðgun*, eftir Ragnheiði Bragadóttur prófessor við Lagadeild HÍ. Rit þetta er afrakstur yfirgripsmikilla rannsókna höfundar á lagaákvæðum um nauðgun. Efni þess er tvíþætt. Í fyrri hluta er fjallað um ýmis almenn atriði sem eiga við um nauðgun og önnur brot gegn kynfrelsi fólks, þ.e. brotin í 194.– 199. gr. hgl. Þetta eru ýmis álitaefni um lagarök og verndarhagsmuni, kynhlutleysi laganna og skilgreiningar á hugtökunum samræði og önnur kynferðismök, auk kafla um réttarsögulega þróun lagaákvæða um nauðgun. Seinni hluti fjallar um eina tegund nauðgunar, þ.e. nauðgun skv. 1. mgr. 194. gr. hgl. Ítarlega er gerð grein fyrir verknaði og aðferðunum þremur: ofbeldi, hótunum og annars konar ólögumætri nauðung. Lýst er tengslum ákvæðisins við önnur ákvæði hegningarlaga, huglægum skilyrðum, geranda og þolanda. Fjallað er um refsímörk, refsíákvörðun og refsímat. Fjölmargir dómar eru reifaðir til að varpa ljósi á einstaka þætti efnisins. Í umfjöllun um einstök efnisatriði er einnig fjallað um norræna löggjöf og dóma og kannað hvernig norrænir fræðimenn skýra samsvarandi ákvæði í sínum rétti.

Leitast er við að setja viðfangsefnið í þjóðfélagslegt samhengi. Því er víða vísað í tölfræðilegar upplýsingar og niðurstöður rannsókna í afbrotufræði um umfang og eðli brotanna. Einnig eru höfð í huga sjónarmið kvennaréttarins sem rannsakar réttarstöðu kvenna til að bæta stöðu þeirra í réttinum og samfélaginu í heild.

## Ritstörf fræðimanna 2015

Tímaritsgreinar, bókakaflar, bækur, þ.m.t. kennsluefni, og ritstjórn. Hér er byggt á birtum ritaskrá fræðimanna og upplýsingum á leitir.is.

### Ása Ólafsdóttir, dósent

- Svik í samningarétti. Afmælisrit Tryggvi Gunnarsson. Reykjavík 2015, bls. 29-68.
- Skal aftaleloven ændres? Aftaleloven 100 år. Baggrund, status, udfordringer, fremtid. Ritstj. Mads Bryde Andersen o.fl. 18. kafli um framtíð íslenskra samningalaga. Djöf Forlag 2015.

### Björg Thorarensen, prófessor

- **„Gæslumaður Alþingis: Breytt valdastaða forseta Íslands“.** [Althingi's keeper: Changes in the Constitutional Powers of the President of Iceland]. Meðhöfundur Stefánía Óskarsdóttir. Tímaritið Stjórnsmál og stjórnarsýsla. Vol 11, No. 2 (2015), bls. 139-160. Greinin er hluti af Vald- og lýðræðisrannsókn Félagsvísindasviðs Háskóla Ísland (2014-2017).
- **Stjórnskipunarréttur. Undirstöður og handhafar ríkisvalds.** 769 bls. Bókaútgáfan Codex. Reykjavík 2015.

#### **Davíð Þór Björgvinsson, prófessor**

- *The Intersection of International Law and Domestic Law: a theoretical and practical...* Cheltenham, Edward Elgar Publishing 2015.

#### **Eiríkur Jónsson, prófessor**

- Bótaréttur II. Vátryggingaréttur og bótareglur félagsmálaréttar. Bókaútgáfan Codex 2015, 610 bls. (ásamt Viðari Má Matthíassyni).
- Bótaréttur I. Skaðabótaréttur. Bókaútgáfan Codex 2015, 665 bls. (ásamt Viðari Má Matthíassyni).
- Er breytinga þörf á skaðabótalögum? Afmælisrit. Tryggvi Gunnarsson sextugur 10. júní 2015. Bókaútgáfan Codex 2015, bls. 125-146.
- Fræðilegur ritstjóri Úlfjóts frá 2014.

#### **Eyvindur G. Gunnarsson, prófessor**

- *Rétturinn til ritunar firma hlutafélags.* Rannsóknir í félagsvísindum XVI - Lagadeild. Ritstjóri: Helgi Áss Grétarsson, Félagsvísindastofnun, Reykjavík 2015. Ritgerðina má nálgast á vefslóðinni skemman.is. Rituð með Halldóru Þorsteinsdóttur.

#### **Hafsteinn Þór Hauksson**

- Ritstjóri Tímarits lögfræðinga frá 2013.

#### **Helgi Áss Grétarsson, dósent**

- *Forkaupsréttarsniðganga.* Rannsóknir í félagsvísindum XVI - Lagadeild. Ritstjóri: Helgi Áss Grétarsson, Félagsvísindastofnun, Reykjavík 2015. Ritgerðina má nálgast á vefslóðinni skemman.is. Rituð með Þorvaldi Haukssyni.
- *Nábýliréttur.* Fjölrit. Reykjavík, haust 2015. Ritað með Birni Inga Óskarssyni ásamt Dagnýju Sif Sigurbjörnsdóttur og Lindu Ramdani.
- *Sérstök sameign með áherslu á lög um fjöleignarhús.* Kennslurit. Reykjavík, haust 2015. Ritað með Karli Axelssyni ásamt Ásthildi Valtýsdóttur.

#### **Hrefna Friðriksdóttir, dósent**

- *Relational representation: The empowerment of children in justice systems.* Í Child-Friendly Justice: A Quarter of a Century of the UN Convention on the Rights of the Child, Said Mahmoudi o.fl. ritstj., Brill Nijhoff Publishers, bls. 55-72.
- *Hlutverk og ábyrgð barnaverndaryfirvalda.* Í Afmælisriti Tryggva Gunnarssonar, Hans Gammeltoft-Hansen o.fl. ritstj., Bókaútgáfan Codex, Reykjavík 2015, bls. 359-406.



### **Karl Axelsson, dósent**

- *Mikilvægi faglegrar blaða- og fréttamennsku og hugleiðingar um það aðhald sem henni er veitt. Tímarit lögréttu, 1. tbl. 2015, bls. 46-119.*

### **M. Elvira Mendez Pinedo, prófessor**

- "Tras la crisis financiera y económica: la precariedad de deudores hipotecarios desde una perspectiva de Derecho europeo" in Álvarez-Blanco and Gómez L- Quiñones (eds), *Precariedad: La crisis del capitalismo neoliberal y la cultura española contemporánea*, Carleton and Dartmouth College publ, forthcoming 2015.
- With Irina Domurath (Ph. D. candidate HÍ/Univ. of Copenhagen). "Over-indebtedness of European consumers after the financial crisis. Case-study: Iceland". Chapter in the book by Micklitz, Domurath and Comparato (eds.). *Social inclusion of Over-Indebted Consumers in the Aftermath of the Economic Crisis in Europe*, Ashgate, forthcoming 2015.
- "Crisis, sobre-endeudamiento y exclusión social de deudores hipotecarios: luces y sombras del Derecho europeo", *Anales Derecho Universidad de La Laguna*, forthcoming 2015.

### **Ragnheiður Bragadóttir, prófessor**

- Nauðgun - Ritroð Lagastofnunar Háskóla Íslands nr. 14 (2015). Lagastofnun Háskóla Íslands. 204 bls.
- Nye lovændringer og strafudmåling for seksualforbrydelser mod børn. Kriminalistiske pejlinger – Festskrift til Flemming Balvig. Red.: Britta Kyvsgaard, Jørn Vestergaard, Lars Holmberg & Thomas Elholm. Jurist- og Økonomforbundets Forlag. København 2015. Bls. 27-42.
- Ritstjóri fyrir Ísland í Nordisk Tidsskrift for Kriminalvidenskab (NTfK). Heimasíða: ntfk.dk. Útgefandi: De Nordiske Kriminalistforeninger med støtte af Nordisk Samarbejdsråd for Kriminologi (Norræna sakfræðiráðið).

### **Stefán Már Stefánsson, prófessor**

- Frjálsar fjármagnshreyfingar innan Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins. Tímarit lögfræðinga 2015, 1. tbl., bls. 65-98.

### **Trausti Fannar Valsson**

- Páll Hreinsson og Trausti Fannar Valsson: *Stjórnsýsluréttur – fjölrít. I. hluti: Stjórnsýslukerfið o.fl. þættir. II. hluti: Málsmeðferð stjórnvalda*. Bóksala Úlfjólts, Reykjavík 2015 (397 bls.).
- *Upplýsingaréttur og þagnarskylda*. Stjórnsmál og stjórnsýsla, 2. tölublað, 11. árgangur 2015, bls. 289-311. Ritstjóri, Gunnar Helgi Kristinsson.
- *Birting stjórnvaldsfyrirmæla*. Afmælisrit. Tryggvi Gunnarsson sextugur 10. júní 2015, bls. 651-699. Bókaútgáfan Codex. Reykjavík 2015.

## **Hvatakerfi vegna rannsókna**

Komið var á hvatakerfi fyrir starfsmenn Lagadeildar af hálfu Lagastofnunar árið 2013 með það að markmiði að framfylgja stefnu Lagastofnunar og Lagadeildar 2011-2016 og fjölga umsóknum í rannsóknasjóði. Úthlutanir eru háðar fjárhagsstöðu stofnunarinnar hverju sinni.

Félagsvísindasvið tók upp mjög svipað hvatakerfi á árinu og þar sem fjárhagsstaða Lagastofnunar er erfið, virðist liggja fyrir að það kerfi taki að einhverju leyti við hvatakerfi stofnunarinnar.

Styrkumsóknum starfsmanna Lagadeildar í Rannsóknasjóð HÍ fækkaði á árinu miðað við árið á undan. Sendar voru tvær umsóknir, sem báðar fengu styrk. Þá var einn starfsmaður meðumsækjandi að öndvegisstyrk hjá Rannís á árinu.

## Málþing og opnir fundir

4. mars

### **Stjórnarhættir fyrirtækja**

Frummælandi: Kristinn M. Reynisson Mag.Jur., LL.M. og doktorsnemi við Lagadeild Háskólans í Árósum.

Fundarstjóri: Stefán Már Stefánsson, prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands.

Fjallað var um hvar mörk löggjafarvaldsins liggja við innleiðingu góðra stjórnarháttá í fyrirtækjum. Velt var upp spurningunni hvort þess sjáist merki, þ.m.t. utan Íslands, að handhafar löggjafarvaldsins hafi gefið til kynna hvaða stjórnarhættir geti talist "góðir"! Víkið var að dæmum úr EES/ESB- rétti er varða stefnumörkun og inngrip löggjafans er varða stjórnarhætti fyrirtækja, m.a. í tilefni af yfirstandandi endurskoðun á Stefnuvísunum Efnahags- og Framfarastofnunarinnar um stjórnarhætti fyrirtækja (OECD Principles of Corporate Governance).

Kristinn M. Reynisson útskrifaðist frá Lagadeild HÍ árið 2011 og lauk LL.M námi við Háskólann í Stokkhólmi árið 2012 með áherslu á samkeppnisrétt. Hann stundar nú doktorsnám við Árósháskóla.

15. apríl

### **Shareholder activism and corporate response**

Fundurinn var haldinn í samstarfi Lagastofnunar HÍ og Advel lögmanna.

Frummælandi: Christoph Van der Elst PhD, prófessor við Tilburg háskóla í Hollandi og Ghent háskóla í Belgíu.

Fundarstjóri: Davíð Örn Sveinbjörnsson LL.M., lögmaður hjá Advel lögmenn.

Shareholders activism is no longer a typical American phenomenon. Many European companies have become familiar with shareholder actions too. Shareholders are making use of their rights and act against management deficiencies. It raises a number of questions. First, who are the shareholders that make use of the rights to protect their interests? Second, how can shareholders voice their dissatisfaction with the board of directors and management? Third, how can a company address these shareholders' concerns?

Christoph Van der Elst PhD, is professor of Business Law and Economics at Tilburg University (The Netherlands) and at Ghent University (Belgium). In Tilburg he is the coordinator of the Dutch master programme Business Law. He holds both a master in law and a master in economics and has a PhD. in economics (Ghent University, Belgium). His research interests are corporate governance, (economic analysis of company law and corporate risk management). His work has been published in numerous renowned academic and professional journals.

13. maí

### **Um handahófskennt endurskoðunarvald dómstóla**

Frummælandi: Prófessor Andrei Marmor.

Fundarstjóri: Hafsteinn Þór Hauksson lektor við Lagadeild Háskóla Íslands.

Málstofa á vegum Heimspekistofnunar Háskóla Íslands og Lagastofnunar Háskóla Íslands.

Í erindi sínu, sem var á ensku, fjallaði Marmor um ein meginrökin fyrir endurskoðunarvaldi dómstóla, að slíkt vald sé nauðsynlegt svo setja megi skorður því lagalega og pólitíska valdi sem lýðræðisleg löggjafarferli veita meirihlutunum. Marmor hefur efasemndir um ágæti slíkra raka og færir rök fyrir því að eins og málum er í reynd háttað, að minnsta kosti í Bandaríkjunum, þá sé siðferðilega séð lítill sem enginn munur á fyrirkomulagi endurskoðunarvalds dómstóla og eins konar happdrættis-fyrirkomulagi sem setti valdi meirihlutans skorður með algjörlega handahófskenndum hætti. Sé það rétt, þá stenst ein meginréttlættingin fyrir endurskoðunarvaldi dómstóla á endanum ekki, í það minnsta ekki í reynd.

Andrei Marmor er meðal fremstu réttarheimspekinga samtímans. Hann er sem stendur prófessor í heimspeki og lögum við University of Southern California, en mun færa sig um set nú í sumar og gerast prófessor í heimspeki og lögum við Cornell University. Marmor hefur birt fjölda greina og bóka um efni tengd lögum, siðferði og stjórnmálum, þar á meðal hjá Oxford University Press og Princeton University Press.

16. október Alexander N. Vylegzhanin prófessor og deildarforseti alþjóðadeildar Moscow State Institute of International Relations, heimsótti Lagastofnun í boði Rannsóknastofu í umhverfis- og auðlindarétti. Próf. Alexander N. Vylegzhanin fjallaði um stefnu Rússlands í norðurskautamálum en hann var staddur á landinu til að taka þátt í ráðstefnunni Arctic Circle 15.-18. október 2015 - The Arctic High Seas Sessions.

## Mannréttindastofnun Háskóla Íslands

Samkvæmt samningi Lagastofnunar við Mannréttindastofnun HÍ (MHÍ), sinnir Lagastofnun almennri framkvæmdastjórn fyrir MHÍ og forstöðumaður Lagastofnunar er jafnframt forstöðumaður MHÍ. Nánari upplýsingar um starfsemi MHÍ árið 2015 er að finna í ársskýrslu stofnunarinnar.

## Endurmenntunarnámskeið

Lagastofnun hélt ellefu endurmenntunarnámskeið á árinu, þar af voru tvö þeirra tveggja daga námskeið. Námskeiðin voru öll ákaflega vel sótt, tæplega hundrað sóttu námskeiðið Lagaheimild reglugerða og halda þurfti tvö aukanámskeið um váttryggingarétt eftir áramótin.

### 15. janúar – Dómar EFTA- og Evrópudómstólanna um neytendalán og óréttmæta samningsskilmála

Kennari: Kjartan Bjarni Björgvinsson lögfr. við EFTA-dómstólinn.

Á námskeiðinu var farið sérstaklega yfir nýlega dómaþróun hjá EFTA-dómstólum og Evrópudómstólum í tengslum við túlkun á tilskipun 93/13/EBE um óréttmæta skilmála í neytendasamningum og tilskipun 87/102/EBE frá 22. desember 1986 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán („tilskipunin um neytendalán“). Lögð var sérstök áhersla á dóma sem tengjast samningum á milli fjármálastofnana og neytenda og hvaða kröfur tilskipanirnar gera til innlendra dómstóla.

## **29. janúar – Samkeppnisréttur fyrir stjórnendur fyrirtækja – Bann við samráði keppinauta og misnotkun markaðsráðandi stöðu**

Kennari: Ásgeir Einarsson, aðstoðarforstjóri Samkeppniseftirlitsins og lektor við Lagadeild HÍ.

### **Um námskeiðið**

Í 11. gr. samkeppnislaga er lagt bann við hvers konar misnotkun á markaðsráðandi stöðu og er ákvæðið efnislega samhljóða banni EES réttarins. Það hefur mikla þýðingu fyrir fyrirtæki ef það telst markaðsráðandi. Þá leggjast á það sérstakar skyldur og það getur sætt viðurlögum vegna háttsemi sem er fyllilega heimil þegar um er að ræða fyrirtæki sem ekki eru markaðsráðandi.

Í 10. gr. samkeppnislaga er lagt bann við hvers konar samráði milli fyrirtækja sem er til þess fallið að raska samkeppni. Eru þessi ákvæði í samræmi við bann EES réttarins. Samráð um verð og aðra mikilvæga samkeppnisþætti felur að jafnaði í sér háttsemi sem er afar skaðleg fyrir bæði neytendur og atvinnulífið. Geta slík brot leitt til þess að fyrirtæki séu beitt stjórnvaldsviðurlögum og stjórnarmenn eða starfsmenn refsingu.

Skiptir því miklu að starfsmenn og stjórnendur fyrirtækja og þekki vel þessi svið samkeppnisréttarins.

Á námskeiðinu var leitast við að draga upp skýra mynd af inntaki 10. og 11. gr. samkeppnislaga. Helstu meginreglur skýrðar og þýðing þeirra í daglegri starfsemi fyrirtækja dregin fram. Námskeiðinu var þannig ætlað að auðvelda þátttakendum að greina og koma í veg fyrir möguleg brot á samkeppnislögum.

Eftirfarandi var m.a. tekið til skoðunar:

- Hvernig eru markaðir skilgreindir í samkeppnismálum?
- Hvenær er fyrirtæki markaðsráðandi?
- Getur fyrirtæki sem ekki er með mestu markaðshlutdeildina verið markaðsráðandi?
- Hvað þýðir það í raun að vera markaðsráðandi?
- Hver eru skilyrði þess að verðlækkun markaðsráðandi fyrirtækis teljist ólögumæt?
- Getur markaðsráðandi fyrirtæki misnotað stöðu sína með hagsmunagæslu gagnvart stjórnvöldum?
- Hvað ber almennt að varast í samskiptum við keppinauta?
- Getur fyrirtæki brotið af sér við það eitt að taka við tölvupósti frá keppinauti þar sem það er hvatt til að hækka verð?
- Er það ólögumætt ef heildsali A flytur smásala B þau boð frá smásala C að smásöluverð á tiltekinni vöru sé of lágt?
- Hvenær eru skipti á upplýsingum milli keppinauta eða miðlun upplýsinga innan hagsmunasamtaka fyrirtækja ólögumæt?

## **3. febrúar – Evrópuréttur - Áhrif EES-samningsins á íslenska stjórnslu**

Kennari: Kjartan Bjarni Björgvinsson, lögfr. við EFTA-dómstólinn

### **Um námskeiðið**

Sameiginlegar reglur EES-svæðisins og Evrópusambandsins sem íslenska ríkið er skuldbundið til að taka upp í löggjöf verða stöðugt víðtækari og hafa þar af leiðandi sífellt meiri áhrif á störf stjórnslunnar. Reglur þessar setja því meðal annars skorður hvernig ríki og sveitarfélög haga sölu eigna, hvernig unnt er að skipuleggja biðlista í heilbrigðiskerfinu og hvernig hægt er að haga álagningu opinberra gjalda. Þá hafa reglurnar áhrif á hvaða ákvarðanir hægt er að taka í málum sem varða umhverfið, markaðsetningu lyfja og ýmiss konar félagsleg réttindi, svo sem rétt til greiðslna úr almannatryggingum og félagslegra styrkja.

Námskeiðinu var ætlað að veita grundvallarinnisýn í þessar réttarreglur og hvernig áhrif þeirra birtast helst í stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Umfjöllunin var studd raunhæfum dæmum bæði úr íslenskri sem erlendri framkvæmd.

## **26. febrúar – Alþjóðlegur skattaréttur**

Kennari: Kristján Gunnar Valdimarsson lögmaður og lektor við Lagadeild HÍ

### **Um námskeiðið**

- *Samspil landsréttar og alþjóðlegs skattaréttar.* Gerð grein fyrir reglum um takmarkaða og ótakmarkaða skattskyldu.
- *Efnisreglur tvísköttunarsamninga og samningsfyrirmynd OECD.* Til dæmis hvar og hvernig vextir, arður eða söluhagnaður eru skattlagðir og hvernig ber að skattleggja fasta starfsstöð (útibú). Fjallað var m.a. um raunverulega framkvæmdastjórn félags og hvernig framkvæmdastjórnin, eða skipan hennar, getur haft áhrif á í hvaða ríki félag er skattlagt.
- *Skattaleg samkeppni og alþjóðleg skattasniðganga.* Fjallað var um skattalega samkeppni og alþjóðlega skattasniðgöngu. Meðal annars vikið að *CFC reglum* á Íslandi, það er að segja, heimild skattfyrivalda til að líta í gegnum tiltekin félög og skattleggja hagnað þeirra hjá hluthafa með tekjuskatti að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Einnig tekið fyrir hvað telst raunverulegur eigandi (e. Beneficial owner).

## **26. mars – Milliverðlagning (Transfer Pricing)**

Kennari: Ragnheiður Snorradóttir, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur

### **Um námskeiðið**

Á námskeiðinu var farið yfir alþjóðlegar og innlendir reglur um milliverðlagningu. Aukin alþjóðleg viðskipti á milli alþjóðlegra fyrirtækjasamstæðna og mismunandi skattareglur á milli ríkja orsaka ýmis vandamál í tengslum við milliverðlagningu. Fjallað um ýmis skattaleg álitæfni í því sambandi. Farið yfir 57. gr. laga 90/2003 um tekjuskatt. Fjallað um meginregluna um armslengd, leiðbeiningarreglur OECD um milliverðlagningu „Transfer Pricing Guidelines“, auk þess sem farið var yfir ákvæði um milliverðlagningu í tvísköttunarsamningum. Þá var vikið að reglum um skjölun.

## **9. apríl – Umhverfisréttur**

Kennari: Dr. Aðalheiður Jóhannsdóttir prófessor við Lagadeild HÍ

### **Um námskeiðið**

Viðfangsefni námskeiðsins var umfjöllun um helstu röksemdir að baki þátttökuréttindum, innleiðingu samnings um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum (Árósasamningur) í íslenskan rétt og viðeigandi réttarframkvæmd úrskurðarnefnda og dómstóla, þ.m.t. mannréttindadómstólsins í Strassborg.

## **8. maí – Lagaheimild reglugerða**

Kennari: Dr. Páll Hreinsson dómari við EFTA-dómstólinn og gestaprófessor við Lagadeild HÍ

### **Um námskeiðið**

Til grundvallar námskeiðinu liggur rannsókn á álitum umboðsmanns Alþingis á 26 ára starfstíma embættisins og svo á dómum Hæstaréttar Íslands frá sama tímabili, þ.e. 1. janúar 1988 til 31. desember 2014. Markmið námskeiðsins er þannig að draga fram hver gildandi réttur er á þessu sviði.

Niðurstöður þessara rannsókna eru síðan settar inn í samhengi fræðanna og þær gerðar aðgengilegar í fyrirlestrinum.

Á námskeiðinu var afhent handrit byggt á þessum rannsóknum. Af rannsóknarefninu virðist ljóst að það er víða pottur brotinn, ekki síst þar sem það eru sömu axarsköftin sem verið er að gera aftur og aftur!

## **10. og 15. september – Úrskurðir í stjórnsýslumálum**

Kennarar: Trausti Fannar Valsson og Hafsteinn Þór Hauksson, dósentar við Lagadeild HÍ

### **Um námskeiðið**

Námskeiðið er einkum ætlað þeim sem koma að meðferð mála og uppkvaðningu úrskurða á kærustigi í stjórnsýslunni. Í umfjölluninni verður kæruférlinu fylgt í grófum dráttum, allt frá álitaefnum um kærueimild og aðild til mögulegra niðurstaðna í kærumálum.

Fyrri hluti námskeiðsins var í fyrirlestrarformi en sá seinni í formi málstofu þar sem þau álitaefni sem brunnu á þátttakendum voru rædd sérstaklega. Námskeiðið byggðist á kafla um stjórnsýslukærur í væntanlegri bók um almennan stjórnsýslurétt, sem var dreift til þátttakenda.

## **1. október – Takmarkanir á upplýsingarétti almennings**

Kennari: Trausti Fannar Valsson dósent við Lagadeild HÍ

### **Um námskeiðið**

Á námskeiðinu var fjallað um upplýsingarétt almennings með áherslu á helstu flokka á takmörkunum hans. Fjallað var um takmarkanir vegna réttarins til einkalífs, þar sem skörun við persónuvernd er umtalsverð, um takmarkanir vegna viðskiptahagsmuna og um takmarkanir vegna almannahagsmuna af ýmsu tagi. Fjallað var sérstaklega um áhrif þagnarskyldureglna í þessu sambandi. Umfjöllunin tók mið af nýjum úrskurðum og dómum Hæstaréttar Íslands.

Námskeiðið var ekki síður ætlað starfandi lögmönnum en starfsmönnum stjórnvalda. Byggt var á kafla í væntanlegri bók um almennan stjórnsýslurétt sem var dreift til þátttakenda námskeiðsins.

## **17. og 19. nóvember – Vátryggingaréttur**

Kennari: Viðar Már Matthíasson hæstaréttardómari

### **Um námskeiðið**

Fjallað almennt um vátryggingarétt og helstu þætti greinarinnar. Þá var gerð grein fyrir helztu einkennum laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og á hvaða hátt þau eru frábrugðin eldri lögum. Lýst efnisskipan laganna og hvers vegna megi segja að þau séu grundvöllur nýrrar réttarframkvæmdar í vátryggingarétti.

Mestur hluti námskeiðsins fór þó í að fjalla ítarlega um ýmis hagnýt álitaefni á sviði vátryggingaréttar, bæði efni úr lögum nr. 30/2004 og álitaefni sem tengjast einstökum tegundum vátrygginga.

Fjallað var sérstaklega um eftirfarandi atriði og farið yfir nýjustu dóma á þeim vettvangi:

-Upplýsingaskylda vátryggingartaka við töku vátryggingar bæði á sviði skaðatrygginga og persónutrygginga.

-Tilkynningarskylda félagsins og vátryggingartaka og fresti til að sinna þeirri skyldu.

-Varúðarreglur í vátryggingarétti og það sem nefnt hefur verið hlutlægar ábyrgðartakmarkanir.

- Nokkur meginatriði ábyrgðartrygginga, meðal annars rétt tjónþola til að hafa uppi beina kröfu á hendur félaginu og hvaða mótbárur félagið getur haft uppi gegn tjónþola.
  - Sérstöðu starfsábyrgðartrygginga, sem almennt eru lögbundnar tryggingar.
  - Slysaftryggingu ökumanns samkvæmt umferðarlögum nr. 50/1987 og um slysaftryggingu sjómanna, sem er sérstök meðal slysaftrygginga launþega.
  - Stuttlega um aðrar slysaftryggingar, þ.e. hefðbundnar slysaftryggingar launþega og frítímaslysaftryggingar, einkum verður fjallað um slyshugtakið í þessum tryggingum.
- Loks fjallað um gagnvirk áhrif skaðabótaréttar og vátryggingaréttar, einkum tilvik þar sem tjóni er valdið með skaðabótaskyldum hætti á vátryggðum hagsmunum og hvaða áhrif það hefur á skaðabótarétt og hugsanlegan rétt til endurkröfu vátryggingafélaga.

#### **4. desember – Nauðgun skv. 1. og 2. mgr. 194. gr. hgl.**

#### **Námskeið fagraðs dómara haldið í samstarfi við Lagastofnun Háskóla Íslands**

Kennari: Ragnheiður Bragadóttir prófessor við Lagadeild HÍ

#### **Um námskeiðið**

Á námskeiðinu var fjallað um þær breytingar sem gerðar voru á ákvæðum almennra hegningarlaga (hgl.) um nauðgun með lögum nr. 61/2007. Gerð var grein fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 194. gr. hgl. Sérstök áhersla var lögð á umfjöllun um verknað og aðferðir annars vegar og refsingar hins vegar.